



Svæðisskipulagsnefnd SSA

Mætt: Stefán Bogi Sveinsson (Múlaþing), Lárus Heiðarsson (Fljótsdalur) Eydís Ásbjörnsdóttir (Fjarðabyggð), Gunnar Jónsson (Fjarðabyggð), Teitur Helgason (Vopnafjörður), Axel Örn Sveinbjörnsson (Vopnafjörður), Hugrún Hjálmarsdóttir (Múlaþing), María Hjálmarsdóttir (FAUST), Jóna Árný Þórðardóttir (Austurbrú) og Jón Knútur Ásmundsson (Austurbrú)

Frá Alta:

Matthildur Kr. Elmarsdóttir og Elín Guðnadóttir

Boðuð forföll: Valur Sveinsson (Fjarðabyggð), Sara Elísabet Svansdóttir (Vopnafjörður) og Díana Mjöll Sveinsdóttir (FAUST).

Fundurinn haldinn 20. október 2021 á Teams frá klukkan 13 til 16.

Formaður nefndarinnar (SBS) setti fundinn kl. 13:00 og gengið var til dagskrár. Fundurinn var tekin upp og er aðgengilegur nefndarmönnum á innri vef Austurbrúar.

- 1. Umræður eftir rýni nefndar á markmiðum og leiðum um matvæli, skóga, áfangastaðinn Austurland**
MKE og EG kynntu drög að kaflanum *Land tækifærana* (kaflar 5.1. til 5.4.), farið var yfir undirkaflana og kallað eftir umræðum og viðbrögðum um efni þeirra, áherslur og uppbyggingu. Nefndin ræddi talsvert um textagerðina sem slíka, einkum hvort hún mætti vera almennari og „tímalausari“ og að gætt yrði að samræmingu texta í lokaútgáfu svæðisskipulagsins.
- 2. Sterkt samfélag – kynning á drögum**
EG fór yfir kaflann en nefndarmenn fá hann til rýni í næstu viku og þurfa að skila inn athugasemdum eigi síðar en 3. nóvember. Nokkur umræða var þó m.a. um þá hluta er sneru að fjölmenningu og nýsköpun.
- 3. Haustfundur SSA**
JÁÞ fór yfir drög að dagskrá haustfundar SSA sem haldinn verður 19. – 20. nóvember í Fjarðabyggð. EG sagði frá „fjölkjarnakaffi“, vinnulagi sem beitt verður í samráðsvinnu þátttakenda á þinginu um svæðisskipulagið.

Fleira ekki gert og var fundi slitið á slaginu fjögur. Næsti fundur nefndarinnar verður að óbreyttu 3. nóvember.

JKÁ ritaði fundargerð

Undirritunarsíða

Axel Örn Sveinbjörnsson

Stefán Bogi Sveinsson

Hugrún Hjálmarsdóttir

Lárus Heiðarsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Teitur Helgason

María Hjálmarsdóttir

Gunnar Jónsson

Jóna Árný Þórðardóttir